


Sýning FÍM

Myndlist

Valtýr Pétursson

Haustsýningar hétu árlegar sýningar FÍM fyrrum, og voru haldnar á þeim tíma árs, en nú er búið að brjóta þá hefð og eftir nokkra andakt hefur sýningin verið sett í gang að nýju og undir nýju nafni, Vorsýning FÍM. Þeir í Kaupmannahöfn, Ósló og París voru allir — og eru — með haustsýningar, og var sú gamla og góða FÍM-sýning sniðin að nokkru eftir þeim fyrirmyndum. Þarna hafði skapast góð og gild hefð, en Íslendingar geta helzt aldrei búið við hefðir nema ef vera skyldi í fjárbúskap. Hvað um það, ég sakna þessarar hefðar, sem hefur verið brotin, og ástæðu sé ég enga fyrir þessari breytingu nema af vera skyldi að hún sé breytingarinnar einnar vegna.

Þetta er um margt merkileg sýning að þessu sinni hjá FÍM. Hún er að mínu mati betur valin en undanfarin ár, þar sem alls konar hlutir voru með, sem að margra dómi áttu ekkert erindi á jafn faglega sýningu og þessi sýning hefur að jafnaði verið. Það var orðið svo mikið af aðskotahlutum, að engu lagi var líkt. Sumir kölluðu það frjálslendi, aðrir glappaskot. Svo er fyrir að þakka, að það fólk sem nú stendur að þessari sýningu, hefur tekið til hendi og einskorðað sýninguna við þátttöku félaga einvörðungu. Og árangur lætur ekki á sér standa. Það reynir nokkuð á félagið með þessu móti, en ég fæ ekki betur séð en að hlutirnir plumi sig nokkuð vel eins og stendur. Það er nefnilega augljóst við skoðun á þessum verkum, að valið hefur verið og




Sigurður Sigurðsson

það af nokkurri vandvirkni.

Hér er um að ræða svonefnda Kjarnasýningu, og er kjarni að þessu sinni mjög vandaður, enda ræður þar hvorki aldurssjónarmið eða stílbrigða, sem er ótvíráður kostur, hvernig sem á er litið. Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem kjarni er búinn til og síðan þrjónað þar við. Það er ekkert nema gott um þetta fyrirkomulag að segja og einmitt á þessari sýningu sér maður greinilega, hve kjarninn hefur miklu hlutverki að gegna. Það er nefnilega úrvalsfólk, sem nú á í hlut, og þar er hvert sæti vel skipað. Jóhann Briem, Sigurður Sigurðsson, Magnús Kjartansson, Ragnheiður Jónsdóttir og Valgerður Bergsdóttir. Falleg og vel gerð sýningarskrá kynnir þetta fólk, og meira að segja er haft eftir því smávegis um listir, sem er góður vani og hefði mátt byrja á slíku fyrir löngu. Ekki vil ég tíunda verk þessa listamanna, en samt vil ég geta þess, að mér finnst hver og einn standa sig



Jóhann Briem



Ragnheiður Jónsdóttir

Musica antiqua

Tónlist

Jón Ásgeirsson

Það má heita merkilegt ef blokkflautan á ekki eftir að verða vinsælt hljóðfæri hér á Íslandi, eftir það mikla starf sem Camilla Söderberg hefur lagt íslenskri tónmennt, bæði sem kennari og flytjandi gamallar tónlistar. Fyrir utan að vera frábær blokkflautuleikari hefur henni auðnast að laða til sín góða tónlistarmenn og undir nafninu Muscia antiqua flutt margvíslega tónlist, er að mestu spannar tímarn frá 15. öld til miðrar 18. aldar. Auk innlendra tónlistarmanna hafa á vegum Musica antiqua komið til landsins frábærir tónlistarmenn, sem lagt hafa sig sérstaklega eftir flutningi eldri tónlistar og nú um síðustu helgi hélt hópurinn tónleika í Langholtskirkju og var gestur þeirra að þessu sinni Eva Nässen, sænsk söngkona, sérmenntuð í flutningi gamallar tónlistar og flutti hún söngverk eftir Dow-

land, Monteverdi, Scarlatti og Händel, auk þess nokkra franska söngva frá 16. og 17. öld. Eva Nässen er mjög góð söngkona. Hún hóf tónleikana með fjórum „hirdsöngvum“ (Air de cour“, sem oftast voru fluttir með undirleik lútu. Í þessum söngvum, sem eru í tvenndarformi og hver lota oftast endurtekin, má ein-söngvarinn skreyta endurtekn-inguna að vild. Þessi venja tengist sögulega þeirri aðferð er síðar átti sér stað í „Da capo arium“ á 17. og 18. öld. Helsta tónskáld þessa tíma var Pierre Guédron 1565—1621. Hann var söngvari, stjórnandi drengjakórs, konunglegt tónskálds og mikill kunnáttumaður í þáverandi „nýju tónlistinni“ frá Ítalíu. Hann gaf út 6 hefti tónsmíða er hann nefndi „airs de cour“. Auk eins söngs eftir Guédron söng Eva Nässen þrjú lög, eitt eftir Mauduit og tvö eftir Moulinié er var frægur söngvari og söngvähöfundur. Voru hirdsöngvarnir mjög áheyrilegir í vönduðum flutn-

ingi söngkonunnar og naut hún aðstoðar Snorra Ó. Snorrasonar, er lék með á lútu. Annað atriði tónleikanna var söngverk eftir Monteverdi með milli- og samleik fyrir blokkflautu og continue fyrir lútu og gamba. Meginhlutverk blokkflautunnar var að leika svonefnt „ritornell“ með alls konar skemmtilegum útfærslum og skreytingum, sem Camilla Söderberg lék glæsilega. Þar eftir léku Camilla Söderberg, Helga Ingólfssdóttir og Ólöf Sesselja Óskarsdóttir sönötu í C-dúr eftir Händel. Eftir hlé söng Eva Nässen kantötur eftir Scarlatti og Händel og þrjá söngva eftir Dowland; Come again, Flow my Tears og Fine Knacks for Ladies er Snorri Örn Snorrason lék undir á lútu. Auk þess lék Snorri fantasíu eftir sama höfund. Yfir tónleikunum var ró og tign, er einkennir þessa hægerfögu og fállegu tónlist, sem nútímamaðurinn leitar í æ ríkari mæli eftir, til að skýla sér fyrir ærandi hávaða samtímans.



með ágætum.

Svo eru það aðrir sýnendur, en alls eru það 29 listamenn, sem eiga verk á þessari sýningu. Þetta eru allt félagar í FÍM, og þó aðeins litill hluti af öllum þeim fjölda, sem hrúgað hefur verið í félagið á seinustu árum. Ágúst F. Petersen á þarna þrjú portrett og eru það vel þekkjanleg, að hver maður hlýtur að vita deili á fyrirmyndunum. Stíll Ágústar hefur ekki breytzt upp á síðkastið. Arnar Herbertsson sýnir tvö frumleg verk, sem eru í miklum skyldleika við gamla og góða hluti. Ásgerður Búadóttir vefur á sinn sérstaka hátt. Daði Guðbjartsson kemur nokkuð á óvart með litrík verk, sem gerð eru í öðrum dúr en hann er vanur að velja. Edda Jónsdóttir kemur vel sínum hugmyndum til skila í grafík sinni. Einar Hákonarson hefur litina í æðra veldi í þremur eftirtektarverðum málverkum. Kristinn G. Jóhannsson á þarna tvö viðkvæmnislega gerð verk, sem hafa óvenju mykt og eru nærfærin. Sigurður Þórir skilar sér ágætlega í þeim verkum, er hann sýnir að sinni. Sigurður Örylgsson á þarna tvö verk, og annað þeirra er að mínum dómi það besta, sem hann hefur gert. Það er no. 103. Faðir hans, Örylgur Sigurðsson, er einnig með tvö verk og stendur sig með þryði. Að lokum, Örn Þorsteinsson á þarna nokkrar myndir gerðar samtali með blandaðri tækni, og ég man ekki eftir að hafa séð jafngóð verk eftir hann. Einkum urðu mér minnistæð verkin no. 108 og no. 111.

Það eru á annað hundrað verk á þessari sýningu, og auðvitað verður ekki allt upp talið hér. Í heild er þessi sýning miklu fremri því, sem sýnt hefur verið á vegum FÍM á nokkrum undanförunum árum og mega félagsmenn vel við þessa sýningu una. Þeir ættu einnig að draga nokkurn lærdóm af þessu fyrirtæki, og væri vel, ef þessi sýning markaði nýtt og frjótt tímabil í sögu félagsins. Það má til að mynda draga þær ályktanir af þessari sýningu, að styrkur félgsins sé aftur að verða sá, að sýning sem þessi Vorsýning, sé fyllilega forsvanlegur árlegur viðburður.

High Hair



High Hair hárgreiðslufroðan er kærkomin nýjung frá Wella!

Þú notar High Hair hárgreiðslufroðu þegar hárið er lagt, blásið eða greitt og árangurinn er frábær — ekki síst ef hárið hefur fengið permanent.

- ★ Hárið greiðist og leggst betur og hárgreiðslan verður langlífari.
- ★ Hárið afrafmagnast.
- ★ Sérstök næring í hárgreiðslufroðunni gerir hárið viðráðanlegra og gefur því glans.



High Hair hárfroðan er einföld og fljótleg leið til að skapa fallega hárgreiðslu — hvenær og hvar sem er.

TÍMABÆR

Heildsölubígrðir:



Halldór Jónsson hf. Dugguvogi 8-10, 104 Reykjavík sími: 686066

COMBI CAMP 202



Verð frá kr. 90.100,-
Til afgreiðslu strax

COMBI CAMP 404



Verð frá
kr. 102.925,-

Sýning í dag
frá 14—17.

BENCO

Bolholti 4, 105 Reykjavík.
S. 91-21945.

VORIÐ ER KOMIÐ

— EINSTAKT VÖRUÚRVAL Á EINUM STAÐ —

ALLT Í GARDINN



ÁLSTIGAR
TVÖFALDIR
MARGAR LENGDIR

GARÐYRKJUÁHÖLD

SKÓFLUR ALLSKONAR
RISTUSPADAR
KANTSKERAR
GARÐHRÍFUR
GIRÐINGARVÍR, GALV.
GARÐKÖNNUR
VATNSÚÐARAR
SLÖNGUKRANAR
SLÖNGUTENGI
SLÖNGUGRINDUR
JÁRNKARLAR
JÁRDHÁKAR
SLEGGJUR
HJÓLBÖRUR, GALV.

GARÐSLÖNGUR
20 OG 30 MTR.BT.
GÍMMÍSLÖNGUR
ALLAR STÆRDIR
PLASTSLÖNGUR



FLAGGSTANGIR

ÚR TREJAGLERI,
FELLANLEGAR
MEÐ FESTINGU
MARGAR STÆRDIR

ÍSLENSK FLÖGG

ALLAR STÆRDIR

FLAGGSTANGAR- HÚNAR

FLAGGLÍNUR
FLAGGLINU-
FESTINGAR



ALLT Í BÁTINN BJÖRGUNARVESTI

FYRIR BÖRN OG
FULLORÐNA
ÁRAR — ÁRAKEFAR
BÁTADREKAR — KEDJUR
BÁTADÆLUR
VÆNGJADÆLUR
VIÐLEGUBAUJUR

ELLINGSEN HF.

Ánanaustum, Grandagarði, sími 28855.

VEIÐARFÆRI - ÚTGERÐARVÖRUR - VÉLAPÉTTINGAR - VERKFÆRI - MÁLNINGARVÖRUR - TJÖRUR
BYGGINGAVÖRUR - SJÓFATNAÐUR - VINNUFATNAÐUR og ótal margt fleira.

Morgun- bladið

í Kaupmannahöfn

FÆST

Í BLADASÖLUNNI
Á JÁRNBRAUTAR-
STÖÐINNI
OG Á KASTRUP-
FLUGVELLI

